



Kópavogi, 3. maí 2019
1905036/999.00 RH

Reglur um umsókn og innritun í grunnskóla Kópavogs

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Kópavogs en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Samkvæmt sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem eru í fóstri hjá fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skólahverfi

- Í Kópavogi eru 9 skólahverfi og meginreglan er að nemendur sækji skóla í því hverfi sem þeir eiga lögheimili. Foreldrum er heimilt að óska eftir að barn sækji annan skóla en skólahverfið segir til um. Sjá nánar á heimasíðu Kópavogs um skólahverfi.
<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/grunnskolar-kopavogs>

2. gr. Umsóknir

- Sækja skal um skólavist rafrænt í gegnum þjónustugátt Kópavogs og verður móttaka umsóknar að vera staðfest.

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

- Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í bænum skv. reglum þessum.
- Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga forgang um skólavist í hverfisskóla ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.
- Skólastjórnendur í grunnskólum Kópavogs geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Kópavogi skólavist í viðkomandi skóla enda sé nægjanlegt húsrými til staðar. Kópavogsbær og hlutaðeigandi sveitarfélag gera með sér samning um greiðslu námskostnaðar.
- Grunnskólar Kópavogs leggja sig fram um að mæta óskum foreldra og barna og taka vel á móti þeim börnum sem óskað er eftir skólavist fyrir.



- Komi til þess að hafna þurfi nemendum sem eiga lögheimili utan viðkomandi skólahverfis vegna húsnæðisaðstæðna skólans vega eftirfarandi þættir þyngst við ákvarðanatöku:
 - Nálægð heimilis við skóla
 - Systkini stunda nám við skólann
 - Skólinn hefur betri forsendur en aðrir til að sinna þörfum viðkomandi nemanda
 - Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu
- Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnáslögum nr. 37/1993.
- Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar eða af öðrum lögmætum ástæðum, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tekjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.
- *Nemendum stendur ekki til boða skólaakstur eða strætómiðar ef þeir velja skóla fjarri heimili sínu, utan skólahverfis eða utan lögheimilissveitarfélags.*

Samþykkt í menntaráði Kópavogs 7. maí 2019